

Átaksverkefni ASÍ, SA og RSK

Tímabilið 18. október 2011 til 27. mars 2012



Alþýðusamband Íslands



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



RÍKISSKATTSTJÓRI



Samstarf um eflingu góðra atvinnuhátta

Reykjavík, 18. maí 2011

Efnisyfirlit

A. Inngangur	3
Markmið og aðdragandi	3
Verkefnið	3
Fræðsla og leiðbeinandi nálgun.....	4
Vinnsla verkefnisins	4
B. Helstu niðurstöður	5
Svört vinna eftir landssvæðum.....	5
Fjöldi rekstraraðila með frávik.....	6
Svört vinna eftir veltu fyrirtækja.....	7
Svört vinna eftir ÍSAT atvinnuvegaflokkun.....	8
C. Töfluyfirlit	9
Svört vinna greind eftir landshlutum.....	9
Svört vinna eftir veltu fyrirtækja.....	10
Atvinnugreinaflokkun svartrar vinnu	11
Þróun atvinnuleysisstigs.....	12
D. Umfang verkefnisins	13
Dreifing heimsókna.....	13
Greining fjölda fyrirtækja eftir frávikum	14

Átaksverkefni ASÍ, SA og RSK

Tímabilið 18. október 2011 til 27. mars 2012

A. Inngangur

Markmið og aðdragandi

Í aðdraganda kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru 5. maí 2011 urðu miklar umræður um neikvæðar afleiðingar svartar atvinnustarfsemi og hvernig mætti stuðla að bættum viðskiptaháttum. Samkomulag varð á milli fulltrúa ríkisskattstjóra (RSK), Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) að efna til tímabundins átaks þessara aðila með heimsóknnum á vinnustaði sem hefði að markmiði að leiðbeina um tekjuskráningu, sporna við svartri atvinnustarfsemi og upplýsa um skyldur smærri og meðalstórra rekstraraðila. Átakið fékk yfirskriftina „Leggur þú þitt af mörkum?“. Með yfirskriftinni er skírskotað til þess að bæði atvinnurekendur og launafólk hafi víðtækar skyldur gagnvart atvinnulífinu og samfélaginu í heild.

Átakið hófst 15. júní 2011 og stóð það til ágústloka það ár. Skýrsla með helstu niðurstöðum úr áttakinu var gefin út 2. nóvember 2011.¹

Ákveðið var að fylgja áttakinu eftir með frekari vinnustaðaheimsóknnum veturinn 2011 til 2012. Í skýrslunni nú er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þessara heimsókna og til samanburðar birtar sambærilegar niðurstöður átaksins sumarið 2011.

Verkefnið

Eins og áður voru einkum heimsótt lítil og meðalstór fyrirtæki með ársveltu undir 1 milljarði, skv. gögnum RSK. Að þessu sinni takmarkaðist átakið við heimsóknir í fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi. Þá beindist skoðunin að því hvernig þeir aðilar sem voru heimsóttir uppfylltu kröfur er lúta að:

- a) Tekjuskráningu og skilum á virðisaukaskatti.
- b) Launa- og starfssambandi fyrirtækja og starfsmanna.
- c) Réttindum og skyldum fyrirtækja og starfsmanna.

Sérstök áhersla var eins og áður lögð á svarta vinnu og afleiðingar hennar og greina frekar þær upplýsingar sem átakið veitti um þann þátt.

¹ Sjá [http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/documents/asi_sa_rsk_2nov2011_sign_\(3\).pdf](http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/documents/asi_sa_rsk_2nov2011_sign_(3).pdf) og http://www.rsk.is/skjal/skyrsla_ataksverkefni_2011.pdf

Fræðsla og leiðbeinandi nálgun

Rík áhersla var eins og áður lögð á að nálgast viðfangsefnið með jákvæðum formerkjum, þar sem meginmarkmiðið væri að kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir.


Vinnsla verkefnisins

Heimsóknirnar hófust 18. október 2011 og stóðu til 27. mars 2012. Að þessu sinni voru heimsótt 689 fyrirtæki með alls 2.022 starfsmönnum. Meðalstarfsmannafjöldi hvers fyrirtækis voru því tæpir 3 starfsmenn.

Eftirlitsfulltrúar frá RSK skoðuðu þá þætti sem lúta að framkvæmd skattalaga á grundvelli þeirra heimilda sem þar er að finna á meðan eftirlitsfulltrúar ASÍ og SA byggðu sína skoðun á lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum og heimildum í þeim lögum.

Það er sameiginlegt mat ríkisskattstjóra, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að samstarf þessara aðila hafi gagnast þeim öllum og að vel hafi tekist til við alla framkvæmd verkefnisins.

Um helstu lærdóma sem draga má af verkefninu vísast til skýrslunnar sem gefin var út 2. nóvember sl. Við það má bæta að niðurstöðurnar nú gefa vísbendingar um að dregið hafi úr svartri vinnu á milli þeirra tveggja tímabila sem verkefnið náði til. Þannig má leiða að því líkur að átakið s.l. sumar hafi skilað ákveðnum árangri í viðleitninni við að draga úr svartri vinnu. Þó ber að varast að draga of víðtækar ályktanir af þessum samanburði, þar sem þættir eins og árstíðarsveiflur og smæð úrtaksins geta haft veruleg áhrif á niðurstöðuna.


Jóhann Ásgrímsson (RSK)
Guðjón Axel Guðjónsson (SA)
Halldór Grönvold (ASÍ)
Þorbjörn Guðmundsson (ASÍ)
Jóhannes Ottósson (SA)

B. Helstu niðurstöður

Svört vinna eftir landssvæðum

Taflan hér á síðunni sýnir samanburð á hlutfalli svartrar vinnu fyrir sömu landshlutana eins og það mældist á tímabilunum frá:

- 18. október 2011 til 27. mars 2012; og
- 15. júní til 31. ágúst 2011.

Ljóst er að útkoman er talsvert betri fyrir tímabilið 18. október 2011 til 27. mars 2012.

Svört vinna eftir landssvæðum

Svört vinna	2012	2011	Mism.	Breyting
Landshluti	%	%	%	%
Höfuðborgarsvæðið	6,7%	11,1%	(4,4)%	(39,3)%
Suðurnes	10,4%	14,4%	(4,0)%	(27,8)%
Suðurland	13,1%	15,1%	(2,0)%	(13,2)%
Vesturland	12,3%	13,8%	(1,4)%	(10,3)%
Samtölur	7,6%	11,9%	(4,3)%	(36,3)%

Svört vinna lækkar um 36,3% milli tímabila fyrir þessi svæði. Mesta lækkunin er 39,3% á höfuðborgarsvæðinu, en þar var átakið virkast. Einnig mælist 27,8% lækkun á Suðurnesjum, en þar var virkni eftirlitsins einnig mikil. Marktæk lækkun er einnig á hinum svæðunum.

Í kaflanum *Töfluyfirlit* á bls. 9 eru ítarlegri töflur um svarta vinnu fyrir þessi tvö tímabil sem hér eru borin saman.

Fjöldi rekstraraðila með frávík

Tímabilið 18. október 2011 til 31. mars 2012

Mælingin nær til höfuðborgarsvæðisins, Suðurnesja, Suðurlands og Vesturlands.

Heildartölur	Samtals	%
Rekstraraðilar án frávika	359	52,1%
Rekstraraðilar með frávík	330	47,9%
Samtals	689	100,0%

Tímabilið 15. júní 2011 til 31. ágúst 2011

Hér var allt landið undir og þessi tafla er úr skýrslunni sem kom út 2. nóvember 2011.

Heildartölur	Samtals	%
Rekstraraðilar án frávika	904	44,7%
Rekstraraðilar með frávík	1.120	55,3%
Samtals	2.024	100,0%

Svört vinna eftir veltu fyrirtækja

Taflan hér á síðunni sýnir samanburð talnanna úr töflunni *Svört vinna eftir landssvæðum* á bls. 5 en nú eftir *veltu fyrirtækja*. Tekjubilin eru í þúsundum króna í töflunni.

Tímabilið 18. október 2011 til 31. mars 2012				Samanburður við 2011		
	Allir	Í svartri	Svört v.	Svört v.	Mism	Breyting
Tekjubil	starfsm.	vinnu	%	%	%	%
>1000.000	127	2	1,6%	3,1%	(1,5)%	(48,4)%
900.000-999.999	2	0	0,0%	0,0%	0,0%	-
800.000-899.999	26	0	0,0%	1,1%	(1,1)%	-
700.000-799.999	5	0	0,0%	4,0%	(4,0)%	-
600.000-699.999	38	0	0,0%	3,3%	(3,3)%	(100,0)%
500.000-599.999	10	0	0,0%	1,8%	(1,8)%	(100,0)%
400.000-499.999	47	1	2,1%	1,1%	1,0%	-
300.000-399.999	140	3	2,1%	2,0%	0,1%	5,9%
200.000-299.999	188	2	1,1%	5,5%	(4,4)%	(80,6)%
150.000-199.999	181	6	3,3%	5,8%	(2,5)%	(42,7)%
100.000-149.999	240	6	2,5%	6,5%	(4,0)%	(61,6)%
50.000-99.999	289	19	6,6%	10,1%	(3,5)%	(34,8)%
20.000-49.999	329	18	5,5%	12,2%	(6,7)%	(55,2)%
10.000-19.999	121	26	21,5%	23,0%	(1,5)%	(6,5)%
0-9.000	279	70	25,1%	34,9%	(9,8)%	(28,1)%
Samtals	2.022	153	7,6%	11,9%	(4,3)%	(36,3)%

Yfir 96%² þeirra starfsmanna sem eru í svartri vinnu, starfa hjá fyrirtækjum með veltu undir 300 milljónum króna.

Það er áberandi hvað staðan hefur batnað mikið hjá fyrirtækjum með veltu á bilinu 100 til 300 milljónir króna. Að meðaltali er svört vinna hjá þessum fyrirtækjum tæpum 62%³ minni en á tímabilinu 15. júní til 31. ágúst 2011. Fyrirtæki á bilinu 20 til 100 milljónir króna koma einnig betur út, þó svo batinn sé ekki eins mikill. Einnhlít skýring liggur ekki fyrir, en áhugavert gæti verið að fylgjast með þróun þessara talna.

Í kaflanum *Töfluyfirlit* á bls. 10 er að finna nánari greiningu á svartri vinnu eftir veltu fyrirtækja.

² Starfsmenn í svartri vinnu 18. október 2011 til 27. mars 2012 voru 153 alls, þ.a. 147 starfsmenn hjá fyrirtækjum með veltu undir 300 millj. kr. eða 96,1%. Starfsmenn í svartri vinnu 15. júní 2011 til 31. ágúst 2011 voru 600 alls, þ.a. 582 starfsmenn hjá fyrirtækjum með veltu undir 300 millj. kr. eða 97,0%.

³ Svört vinna á tekjubilinu 100-300 millj. kr. fór úr 6,0% í 2,3%, sem er lækkun upp á 3,7% stig eða 61,8%.

Svört vinna eftir ÍSAT atvinnuvegaflokkun

Til viðbótar við það sem var í skýrslunni sem kom út 2. nóvember 2011, er nú komin greining á svartri vinnu eftir ÍSAT atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands. Taflan hér á síðunni sýnir samanburð talnanna úr töflunni *Svört vinna eftir landssvæðum* á bls. 5 eftir ÍSAT atvinnugreinaflokkuninni.

Tölur fyrir Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vestur- og Suðurland.		Tímabil A ¹⁾		Tímabil B ¹⁾		Mismunur	
Flokkur	Bálkaheiti	Í svartri vinnu	%	Í svartri vinnu	%	Stig %	Breyting %
Bálkur I	Rekstur gististaða og veitingarekstur	38	12,9%	208	16,6%	(3,7)%	(22,1)%
Bálkur G 47	Smásöluverslun	20	8,6%	135	11,5%	(2,9)%	(25,4)%
Bálkur C	Framleiðsla	18	3,8%	65	7,4%	(3,6)%	(48,2)%
Bálkur G 45	Bifreiða- og vélaverkstæði	30	11,3%	47	10,1%	1,2%	12,1%
Bálkur G 46	Heildverslun	4	2,1%	31	7,2%	(5,2)%	(71,3)%
Bálkur F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	11	3,9%	27	17,0%	(13,1)%	(76,8)%
Bálkur S	Hárgreiðslustofur og þjónustuiðnaður	11	9,2%	27	13,4%	(4,2)%	(31,6)%
Bálkur N	Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	5	11,1%	19	12,2%	(1,1)%	(8,9)%
Bálkur J	Upplýsingar og fjarskipti	4	10,8%	13	12,7%	(1,9)%	(14,9)%
Bálkur Q, R	Heilbrigðis-, fjárfraða- og félagsþjónusta	2	10,5%	11	26,8%	(16,3)%	(60,7)%
Bálkur M	Sérfræðiþjónusta	2	11,1%	5	4,8%	6,3%	131,5%
Bálkur H	Flutningur og geymsla	0	0,0%	4	9,8%	(9,8)%	(100,0)%
Bálkur U	Starfsemi með úrlendisrétt / einstaklingar	0	-	4	66,7%	-	-
Bálkur L	Fasteignaviðskipti	3	33,3%	3	25,0%	8,3%	33,3%
Bálkur D, O og P	Opinber stjórnsýsla og fræðslustarfsemi	1	33,3%	1	100,0%	(66,7)%	(66,7)%
Bálkur A	Landbúnaður skógrækt og fiskveiðar	4	36,4%	0	-	-	-
Samtals		153	7,6%	600	11,9%	(4,3)%	(36,4)%

¹⁾ Samanburður á tímabili A 18/10 2011 til 31/3 2012 og tímabili B 15/6 til 31/8 2011

Taflan skýrir sig sjálf, en þó er athyglisvert að bifreiðaverkstæðin eru eina atvinnugreinin, með umtalsverðan starfsmannafjölda, sem ekki bætir sig milli tímabila.

Í kaflanum *Töfluyfirlit* á bls. 11 er að finna nánari greiningu á svartri vinnu eftir ÍSAT atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands.

C. Töfluyfirlit

Svört vinna greind eftir landshlutum

Tímabilið 18. október 2011 til 31. mars 2012

18/10 '11 - 27/3 '12	Allir	Svört	Svört v.	Atv.leysi
Landshluti	starfsm.	vinna	%	%
Höfuðborgarsvæðið	1678	113	6,7%	7,8%
Suðurnes	164	17	10,4%	12,1%
Suðurland	99	13	13,1%	5,1%
Vesturland	81	10	12,3%	3,7%
Samtölur	2.022	153	7,6%	6,7%

Tímabilið 15. júní 2011 til 31. ágúst 2011

15/6 - 31/8 '11	Allir	Svört	Svört v.	Atv.leysi
Landshluti	starfsm.	vinna	%	%
Höfuðborgarsvæðið	3883	431	11,1%	7,6%
Suðurland	745	107	14,4%	4,6%
Suðurnes	189	26	13,8%	10,4%
Vesturland	238	36	15,1%	3,5%
Samtölur	5.055	600	11,9%	7,6%

Svört vinna eftir veltu fyrirtækja

Tímabilið 18. október 2011 til 31. mars 2012			
Tekjubil	Allir starfsm.	Í svartri vinnu	Svört v. %
>1000.000	127	2	1,6%
900.000-999.999	2	0	0,0%
800.000-899.999	26	0	0,0%
700.000-799.999	5	0	0,0%
600.000-699.999	38	0	0,0%
500.000-599.999	10	0	0,0%
400.000-499.999	47	1	2,1%
300.000-399.999	140	3	2,1%
200.000-299.999	186	2	1,1%
150.000-199.999	181	6	3,3%
100.000-149.999	240	6	2,5%
50.000-99.999	289	19	6,6%
20.000-49.999	329	18	5,5%
10.000-19.999	121	26	21,5%
0-9.000	279	70	25,1%
Samtals	2.022	153	7,6%

Tímabilið 15. júní 2011 til 31. ágúst 2011			
Tekjubil	Allir starfsm.	Í svartri vinnu	Svört v. %
>1000.000	295	9	3,1%
900.000-999.999	19	0	0,0%
800.000-899.999	91	1	1,1%
700.000-799.999	101	4	4,0%
600.000-699.999	60	2	3,3%
500.000-599.999	56	1	1,8%
400.000-499.999	89	1	1,1%
300.000-399.999	346	7	2,0%
200.000-299.999	364	20	5,5%
150.000-199.999	294	17	5,8%
100.000-149.999	538	35	6,5%
50.000-99.999	903	91	10,1%
20.000-49.999	884	108	12,2%
10.000-19.000	422	97	23,0%
0-9.000	593	207	34,9%
Samtals	5.055	600	11,9%

Atvinnugreinaflokkun svartrar vinnu

Tölur fyrir Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland og Suðurland.						
Tímabilið 18/10 2011 til 31/3 2012						
Flokkur	Bálkaheiti	Allir starfsmenn	Í svartri vinnu	%	Fjöldi fyrirtækja	%
Bálkur C	Framleiðsla	470	18	3,8%	130	18,9%
Bálkur I	Rekstur gististaða og veitingarekstur	294	38	12,9%	106	15,4%
Bálkur F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	279	11	3,9%	57	8,3%
Bálkur G45	Bifreiða- og vélaverkstæði	265	30	11,3%	101	14,7%
Bálkur G47	Smásöluverslun	233	20	8,6%	119	17,3%
Bálkur G46	Heildverslun	193	4	2,1%	50	7,3%
Bálkur S	Hárgreiðslustofur og þjónustuiðnaður	120	11	9,2%	47	6,8%
Bálkur N	Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	45	5	11,1%	17	2,5%
Bálkur J	Upplýsingar og fjarskipti	37	4	10,8%	15	2,2%
Bálkur H	Flutningur og geymsla	26	0	0,0%	8	1,2%
Bálkur Q, R	Heilbrigðis-, íþrótt- og félagsþjónusta	19	2	10,5%	9	1,3%
Bálkur M	Sérfræðiþjónusta	18	2	11,1%	16	2,3%
Bálkur A	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	11	4	36,4%	5	0,7%
Bálkur L	Fasteignaviðskipti	9	3	33,3%	6	0,9%
Bálkur D, O og P	Opinber stjórnsýsla og fræðslustarfsemi	3	1	33,3%	3	0,4%
Samtals		2.022	153	7,6%	689	100%

Tölur fyrir Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland og Suðurland.						
Tímabilið 15/6 til 31/8 2011						
Flokkur	Bálkaheiti	Allir starfsmenn	Í svartri vinnu	%	Fjöldi fyrirtækja	%
Bálkur I	Rekstur gististaða og veitingarekstur	1250	208	16,6%	286	17,2%
Bálkur G47	Smásöluverslun	1174	135	11,5%	493	29,6%
Bálkur C	Framleiðsla	874	65	7,4%	216	13,0%
Bálkur G45	Bifreiða- og vélaverkstæði	465	47	10,1%	181	10,9%
Bálkur G46	Heildverslun	428	31	7,2%	144	8,6%
Bálkur F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	159	27	17,0%	57	3,4%
Bálkur S	Hárgreiðslustofur og þjónustuiðnaður	201	27	13,4%	112	6,7%
Bálkur N	Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	156	19	12,2%	47	2,8%
Bálkur J	Upplýsingar og fjarskipti	102	13	12,7%	24	1,4%
Bálkur Q, R	Heilbrigðis-, íþrótt- og félagsþjónusta	41	11	26,8%	27	1,6%
Bálkur M	Sérfræðiþjónusta	105	5	4,8%	40	2,4%
Bálkur H	Flutningar og geymsla	41	4	9,8%	15	0,9%
Bálkur U	Starfsemi með úrlendisrétt / einstaklingar	6	4	66,7%	6	0,4%
Bálkur L	Fasteignaviðskipti	12	3	25,0%	6	0,4%
Bálkur O	Opinber stjórnsýsla og fræðslustarfsemi	1	1	100,0%	11	0,7%
Bálkur A, B, E og K	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	29		0,0%		0,0%
Bálkur E	Vatnsveita og meðhöndlun úrgangs	8		0,0%		0,0%
Bálkur K	Fjármála- og váttryggingastarfsemi	3		0,0%		0,0%
Samtals		5.055	600	11,9%	1.665	100%

Þróun atvinnuleysisstigs

Í töflunni á þessari síðu eru til fróðleiks teknar saman upplýsingar frá VMST um þróun atvinnuleysisstigs fyrir tímabilin og landssvæðin sem borin eru saman í þessari skýrslu.

Atvinnuleysisstig

Atvinnuleysi	2012	2011	Mism.	Breyting
Landshluti	%	%	%	%
Höfuðborgarsvæðið	7,8%	7,6%	0,2%	2,6%
Suðurnes	12,1%	10,4%	1,7%	16,3%
Suðurland	5,1%	4,6%	0,5%	10,9%
Vesturland	3,7%	3,5%	0,2%	5,7%
Landsmeðaltal	6,7 %	7,6 %	(0,9) %	(11,8) %

Af töflunni sést að atvinnuleysi lækkar um 0,9% fyrir landið í heild, en það eykst lítillega á höfuðborgarsvæðinu, en meira á hinum svæðunum. Fróðlegt gæti verið að skoða þróun mála að teknu tilliti til þróunar atvinnuleysisstigs. Það var ekki hluti af þessu verkefni.

D. Umfang verkefnisins

Á tímabilinu 18. október 2011 til 27. mars 2012 sem voru alls 102 virkir dagar:

- Alls var farið út 36 sinnum á þessum 102 virku vinnudögum.
- Í flestum tilfellum fór aðeins eitt teymi út og var fjöldi starfsmann allt frá 2 upp í 7 í hvert sinn. Að meðaltali voru 4,4 starfsmenn úti hverju sinni.
- Heimsótt voru 689 fyrirtæki með alls 2.022 starfsmönnum. Meðalstarfsmannafjöldi hvers fyrirtækis voru því tæpir 3 starfsmenn.
- Í hverri ferð var meðalfjöldi skráðra starfsmanna 19.

Dreifing heimsókna

Tímabilið 18. október 2011 til 31. mars 2012

Landssvæði	Fjöldi	
	heimsókna	%
Höfuðborgarsvæðið	565	82,0%
Suðurnes	62	9,0%
Suðurland	30	4,4%
Vesturland	32	4,6%
Samtals	689	100 %

Tímabilið 15. júní 2011 til 31. ágúst 2011

Landssvæði	Fjöldi	
	heimsókna	%
Höfuðborgarsvæðið	1260	75,7%
Suðurnes	50	3,0%
Suðurland	277	16,6%
Vesturland	78	4,7%
Samtals	1.665	100 %

Greining fjölda fyrirtækja eftir frávikum

Tímabilið 18. október 2011 til 31. mars 2012

Mælingin náði til höfuðborgarsvæðisins, Suðurnesja, Suðurlands og Vesturlands. Hjá 18,0% fyrirtækja komu fram einn eða fleiri starfsmenn í svartri vinnu.

Tölur yfir fjölda fyrirtækja.

Greining	Tekju- skráning	%	VSK skil	%	Staðgreiðsla	%	Reiknað endurgjald	%
Engin frávik	556	80,7%	625	90,7%	565	82,0%	499	72,4%
Frávik alls	134	19,4%	64	9,3%	124	18,0%	190	27,6%
Överulegt frávik	101	14,7%	20	2,9%	0	0,0%	34	4,9%
Nánari skoðun	20	2,9%	30	4,4%	35	5,1%	156	22,6%
Rannsóknarmál	12	1,7%	14	2,0%	89	12,9%	0	0,0%
Alls lögaðilar	689	100,0%	689	100,0%	689	100,0%	689	100,0%

Tímabilið 15. júní 2011 til 31. ágúst 2011

Hér var allt landið undir og þessi tafla er úr skýrslunni sem kom út 2. nóvember 2011. Hjá 19,3% fyrirtækja komu fram einn eða fleiri starfsmenn í svartri vinnu.

Tölur yfir fjölda fyrirtækja.

Greining	Tekju- skráning	%	VSK skil	%	Staðgreiðsla	%	Reiknað endurgjald	%
Engin frávik	1369	67,6%	1727	85,3%	1634	80,7%	1684	83,2%
Frávik alls	655	32,4%	297	14,7%	390	19,3%	340	16,8%
Överulegt frávik	489	24,2%	165	8,2%	0	0,0%	15	0,7%
Nánari skoðun	119	5,9%	86	4,2%	66	3,3%	325	16,1%
Rannsóknarmál	47	2,3%	46	2,3%	324	16,0%	0	0,0%
Alls lögaðilar	2.024	100,0%	2.024	100,0%	2.024	100,0%	2.024	100,0%